

ÍÞRG3BA02

Búið til: Thu, 11 Jun 2015 13:29:25 GMT

Titill

Badminton

Skammstöfun

ÍÞRG3BA02

Útgáfunúmer

32

Námsgrein

Íþróttagrein

Viðfangsefni

badminton

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er bóklegur og verklegur með það að markmiði að nemandinn læri að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í badminton. Áhersla er á tæknikennslu og kennslu í leikfræði og reglum. Einnig er lögð áhersla á að nemandi geti borið ábyrgð á hópi barna og ástundað sjálfstæð vinnubrögð við þjálfun. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grunnfærni í greininni og lögð er áhersla á mikilvægi þess að leikurinn sé kenndur á leikrænan og skemmtilegan hátt.

Forkröfur

ÍÞRF2ÞJ05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- leikreglum í badmintoni
- hvernig á að leiðbeina börnum í badmintoni
- kennslu tækniæfinga í badminton
- skipulagningu badmintonþjálfunar
- fjölbreyttum leik- og tækniæfingum í badminton

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leiðbeina byrjendum í badminton
- nota badminton sem skólaíþrótt
- spila badminton
- leiðbeina og bera ábyrgð á hópi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja íþróttatíma í badminton
- stjórna og borið ábyrgð á hópi af börnum
- átta sig á ólíkri getu einstaklinga í hópi

- ástunda sjálfstæð vinnubrögð við þjálfun barna

Námsmat

Skólar

Fyrirmynd